Hvaða áburð á að nota?

Stundum getur verið erfitt að átta sig á hvaða áburðartegund á að kaupa. Þessi tafla er hugsuð til að aðstoða þig við að finna út hvaða áburður hentar best fyrir þitt verkefni. Ekki hika við að hafa samband við okkur ef einhverjar spurningar vakna.

	NPK 12-4-18	NPK 23-3-8+Se	Nitrabor	Kalksaltpéter	Turbo Kalk	Opti-Start NP 12-23
Grasbletturinn	✓	✓		✓	✓	
Losna við mosa			✓	✓	✓	
Tré og runnar	✓					
Blóm	✓					
Matjurtir (grænmeti og kryddjurtir)	✓		✓			
Jarðarber	✓					
Kartöflur	✓					✓
Beitarhólf		✓		✓	✓	

Búvörur SS | www.buvorur.is | buvorur@ss.is

Fossháls 1, 110 Reykjavík | S: 575-6071 | Opið virka daga kl. 10:30-18
Ormsvelli 4, 860 Hvolsvelli | S: 575-6099 | Opið virka daga kl. 9-17

Hversu mikinn áburð á að nota?

Grasbletturinn - Til að halda grasblettinum grænum og fallegum.

NPK 12-4-18 sér grasinu fyrir þeim næringarefnum sem það þarf, á meðan Kalksaltpéter eða Turbo Kalk sér til þess að sýrustig jarðvegsins sé ákjósanlegt.

Hvenær	Tegund áburðar	Magn
Lok apríl/byrjun maí	NPK 12-4-18	2-4 kg á 100 m^2
Lok júní	Kalksaltpéter eða Turbo Kalk	2-3 kg á 100 m^2
Lok ágúst/byrjun september	NPK 12-4-18	2 kg á 100 m^2

Ef mosi er vandamál.

Ef mikill mosi er í grasflötinni þá eru vaxtarskilyrði ekki nógu hagstæð fyrir gras. Ein leið til að bæta úr því er að kalka og þarf þá meira af kalki en annars væri notað. NPK 12-4-18 sér svo grasinu fyrir þeim næringarefnum sem það þarf til vaxtar.

Hvenær	Tegund áburðar	Magn
Lok apríl/byrjun maí	Kalksaltpéter eða Turbo Kalk	8 kg á 100 m^2
Byrjun júní	NPK 12-4-18	2-4 kg á 100 m^2
Lok ágúst/byrjun september	Kalksaltpéter eða Turbo Kalk	8 kg á 100 m^2

Blóm, ávextir, ber/berjarunnar og grænmeti.

NPK 12-4-18 má nota á allar plöntur í garðinum. NitraBor er einkum ætlað fyrir matjurtir sem þurfa á miklum bór að halda en gæti einnig hentað á fóðurkál í ákveðnum tilfellum. Plöntur af krossblómaætt (td. hvítkál, blómkál, rófur, næpur, repja) eru viðkvæmar fyrir bórskorti. Gulrætur og kartöflur eru einnig viðkvæmar fyrir bórskorti.

Hvenær	Tegund áburðar	Magn
Lok apríl/byrjun maí	NPK 12-4-18	4-5 kg á 100 m^2
6 vikna fresti	NPK 12-4-18	2 kg á 100 m^2
Lok apríl/byrjun maí	Nitrabor	1-1,5 kg á 100 m^2

Kartöflur.

Nóg er að dreifa áburði við niðursetningu útsæðis. NPK 12-4-18 sér kartöflunum fyrir öllum nauðsynlegum næringarefnum ef aðstæður í jarðvegi eru ákjósanlegar. Ef skortur er á fosfór í jarðvegi skal bæta við Opti-Start NP 12-23.

Hvenær	Tegund áburðar	Magn
Maí (við niðursetningu útsæðis)	NPK 12-4-18	7-9 kg á 100 m^2
Maí (við niðursetningu útsæðis)	Opti-Start NP 12-23	2 kg á 100 m^2